

Skólanámskráin okkar



Leikskólinn Engjaborg

2025

Efnisyfirlit

Upplýsingar um Engjaborg	4
Inngangur	5
Ytri rammi leikskólastarfsins	6
Uppeldisfræðileg stefna Engjaborgar	8
Virgni barna – félagsleg hugsmíðahyggja	8
Umhyggja – Nel Nodding	8
Börnin, kennararnir og umhverfið – Reggio Emilia	9
Leiðarljós Engjaborgar	9
Gildi Engjaborgar	10
Flæðandi og samþætt leikskólastarf	11
Námssvið leikskólans	11
Leikurinn	12
Hlutverk kennara í leik barna	13
Hugmyndir barna og tilgátur	14
Barnahópurinn og jafningjamenning	14
Námsumhverfi og leikefni	14
Skipulag, tími og flæði	15
Markmið Engjaborgar	15
Námsleiðir Engjaborgar	18
Þátttaka barna í leikskólastarfinu	18
Inngildandi leikskólastarf	22
Samstarf og tengsl á milli skólastiga	22
Farsæld barna	23
Samstarf og tengsl á milli skólastiga	24
Samstarfsaðilar	24
Hefðir og venjur	26
Mat á leik, námi og velferð barna	28
Skráningar	28
Flæðibækur	28
Mat á leikskólastarfi	29
Matsáætlun Engjaborgar 2025 – 2030	29
Fjölskyldan og Engjaborg	31
Aðlögun	31
Dagleg samskipti	31

Foreldrasamtöl	31
Þátttaka foreldra	32
Foreldrafundur	32
Foreldraráð	32
Foreldrafélag	32
Samstarf og samskipti í Engjaborg	32
Stjórnun leikskólans.....	33
Samskiptasáttmáli Engjaborgar	33
Lokaorð	35
Stuðningsrit	37




Upplýsingar um Engjaborg

Leikskólinn Engjaborg er við Reyrengi 11 í Grafarvogi, nánar tiltekið í Engjahverfi. Hann er einn af borgarreknu leikskólum Reykjavíkurborgar og fellur því rekstur og stjórn hans undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS). Leikskólinn tók til starfa 16. maí 1994.

Leikskólinn Engjaborg er fjögurra deilda og þar af er ein ungbarnadeild. Deildarnar heita: Suðurengi, Austurengi, Norðurengi og Vesturengi. Að meðaltali eru um 71 barn samtímis í leikskólanum og fer fjöldi kennara eftir aldri og viðveru barna hverju sinni. Leikskólinn er opinn frá kl.7.30 – 16.30, boðið er upp á breytilegan dvalartíma að hámarki 42,5 klukkustundir á viku.

Engjaborg er með mjög stóra lóð sem býður upp á margskonar leiki. Hinum megin við götuna er náttúruparadís með klettum, margskonar gróðri og þar leynist örugglega eitthvert dýralíf. Engjaskóli er staðsettur við hina hliðina á Engjaborg, þannig að það eru hæg heimatökin hvað varðar samvinnu á milli skólastiga. Einnig er gott göngufæri í Spöngina þar sem Borgarbókasafnið er meðal annars til húsa. Grafarvogurinn hefur upp á margt að bjóða fyrir leikskólabörnin eins og til að mynda fallega fjöru fyrir neðan Staðahverfi, Miðstöð útivistar og útináms við Gufunesveg og Hallsteinsgarð með listaverkum. Góðir göngustígar eru um allan Grafarvog og fjölbreytt útivistasvæði eru víða, ásamt leikvöllum.

En hvað er Engjaborg að mati barnanna (blandaður aldur)?



Inngangur

Leikskólinn Engjaborg starfar samkvæmt [lögum um leikskóla nr. 90/2008](#) ásamt reglugerðum er varða þau lög og [aðalnámskrá leikskóla](#), gefin út endurskoðuð 2023.

Á grunni aðalnámskrá ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem lögð er áhersla á sérkenni, menningu og starfshætti leikskólans. Skólanámskráin á að vera lifandi og í stöðugri endurskoðun og þróun. Hún á að taka mið af áhuga og sjónarmiðum barna og er eins konar sáttmáli um uppeldi og nám í leikskólanum.

Síðasta skólanámskrá Engjaborgar var gefin út árið 2016. Undanfarin ár er hún búin að vera í endurskoðun og er þessi nýja skólanámskrá afrakstur þeirra vinnu. Endurskoðunin hefur farið fram undir dyggri forystu leikskólastjóra. Allir starfsmenn koma að þessari vinnu, þar sem hópurinn skiptir sér niður í teymi. Margskonar teymi eru starfandi til að skoða ákveðna þætti starfsins og fundaraðir eru haldnar um sum atriði. Matsteymi heldur utan um allt endurmat og þar situr meðal annars foreldri. Foreldraráð er fengið til ráðagerða og skrafs um suma þætti, ásamt því að lesa yfir ákveðin plögg. Spurningakönnun er af og til send á alla foreldra til að fá þeirra raddir um ákveðin atriði.

Barnateymi er starfrækt í Engjaborg og í því sitja börn úr tveimur til þremur elstu árgöngunum. Barnateymið hittist að meðaltali einu sinni í mánuði og er breytilegt hverjir sitja í teyminu. Markvisst er lagt fyrir barnateymið mismunandi þætti starfsins og niðurstöður hafa farið hér inn í skólanámskrána.

Starfsfólk Engjaborgar hefur undanfarin ár verið í samstarfi við leikskólana Funafold, Hólaborg og Sunnufold um faglega starfsþróun starfsmanna leikskólanna. Hópurinn kallar sig Blómaskólana. Hópurinn vann m.a. með sjálfseflingu sem er einn af grundvallapáttum [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#). Afrakstur þeirra vinnu má sjá í eftirfarandi myndböndum: <https://menntastefna.is/tool/myndbond-um-sjalfseflingu-fyrir-starfsfolk-leikskolanna/>

Veturinn 2021 – 22 fóru Blómaskólarnir í þróunarstarfið Flæði og samþætting, þar sem Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir hjá HÍ hitti deildarstjóra og aðra stjórnendur leikskólanna og var með fræðslu. Eftirfarandi þættir voru skoðaðir og þróaðir innan hvers leikskóla: hlutverk kennarans í leik barna, hugmyndir barnsins, barnahópurinn og jafningjamenning, skipulag, tími og flæði, námsumhverfi og leikefni, skráningar og síðast en ekki síst leikskóli margbreytileikans. Lokaafraksturinn voru svo myndböndin: [barnahópurinn](#), [starfsmaðurinn](#) og [umhverfið](#), en talað er um að þetta séu kennarar barnsins í leikskólanum.

Veturinn 2022 – 23 héldu Blómaskólarnir áfram í þróunarvinnu undir handleiðslu Dr. Önnu Magneu og þá var unnið með þátttöku barna í leikskólastarfinu.

Þróunarstarfið hefur haft mikil áhrif á skólastarf leikskólana og þ.a.l. einnig við endurskoðun á skólanámskránni. Fyrir hvert leikskólaár er gerð starfsáætlun sem byggir á endurmati barna, starfsmanna og foreldra og í henni á námskrá leikskólans að endurspeglast.

Foreldraráð hefur lesið skólanámskrána yfir og samþykkt.

Ytri rammi leikskólastarfsins

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og því upphaf formlegrar menntunar barna. Það er Mennta- og barnamálaráðuneytið sem mótar stefnu leikskóla í aðalnámskrá. Síðan eru það stjórnendur leikskóla sem skipuleggja starfsemi hvers skóla og gera áætlanir sem byggja á markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrá.

Í [lögum um leikskóla nr. 90 / 2008](#) kemur fram að meginmarkmið uppeldis og menntunar í leikskóla skulu vera:



- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlislægri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

[Aðalnámskrá leikskóla](#) er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf á Íslandi.

Í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla birtist ákveðin menntastefna sem byggir á [sex grunnþáttum menntunar](#). Grunnþættirnir eiga að styðja við börn andlega og líkamlega og leiða þau til sjálfbjargar og farsældar í samfélagi með öðrum. Allt starf leikskólans á að endurspegla þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta. Grunnþættirnir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*.

Í aðalnámskrá leikskóla eru sett fram ákveðin námssvið fyrir leikskólastigið sem eru: *læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning*. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman. Þeir byggja á skapandi og gagnrýnni hugsun sem tengist daglegum athöfnum í leikskóla.

Í aðalnámskrá leikskóla kemur skýrt fram að leikurinn er meginnámsleið leikskólans. „Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Fjöldi námsþátta eflast í leik, jafnt vitrænir sem skapandi. Leikur kallar á fjölbreytta notkun tungumáls, hreyfingar, félagslegra samskipta og tilfinningatengsla.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

[Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 – Látum draumana rætast](#) er stefnumótun til að ná viðtækri samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík. Meginmarkmið

stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.



Leiðarljós menntastefnunnar sem vísa veginn eru tvö, hið fyrra er *Barnið sem virkur þátttakandi* og hið síðara er *Fagmennska og samstarf í öndvegi*.


Menntastefnan byggir jafnframt á fimm grundvallarþáttum sem eru: *félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði*.

[Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#) var undirritaður af hálfu Íslands 26.janúar 1990 og fullgildur 28.október 1992. Lög um leikskóla, aðalnámskráin, menntastefna Reykjavíkur og allt starf leikskólans byggir á barnasáttmálanum.

Í barnasáttmálanum er fjallað um réttindi barna og hvernig barnasáttmálinn virkar í 54 greinum, en talað er um ákveðnar grundvallarreglur sem eru:

- 2.gr. Rétturinn til að fá að vera eins og maður er, allir séu jafnir og sömu réttindi fyrir börn
- 3. gr. Rétturinn til að allar reglur sem eru ákveðnar séu miðaðar að því sem er best fyrir börn
- 6.gr. Rétturinn til að fá að lifa og þroskast
- 12.gr. Rétturinn til að fá að taka þátt og tjá skoðun sína á öllu sem skiptir börn máli.

Það er að mörgu að hyggja í leikskólastarfinu og við gerð skólanámskrá, en ofan talin rit eru helsti grunnurinn að þeim ytri ramma sem unnið er eftir. Þó má geta þess að um er að ræða mörg fleiri rit, en þau eru þó öll byggð á þeim sem hér eru talin upp.



Uppeldisfræðileg stefna Engjaborgar

Í Engjaborg er lögð áhersla á nám og velferð barna þar sem allir eru mikilvægir og hafa sömu réttindi. Námið fer fram í gegnum leikinn og lögð er áhersla á virkni og þátttöku allra, skapandi hugsun og frjálsan leik, þar sem verkefni dagsins ráðast af áhugasviðum og styrkleikum barnanna hverju sinni. Því eins og John Dewey sagði: „Leikskólinn er ekki undirbúningur fyrir lífið, hann er lífið.“

Virkni barna – félagsleg hugsmíðahyggja

Virkni er talin mikilvæg forsenda náms. Til að vera virkur þarf hver og einn að njóta ákveðins sjálfræðis og finna til hægri sinnar.



Lítið er á að hver og einn læri á sínum forsendum, en sé jafnframt háður félögum sínum um þá þekkingu sem verður til. Þekkingin skapast í ferlinu í stað þess að flytjast frá þeim sem veit til annars sem ekki veit. Í ferlinu er viðurkennt að ekki eru allir að læra það sama, þannig getur einn lært samvinnu en annar staðreyndir um tiltekið efni.

Leikskólastarfið grundvallast á þeirri sýn að börn séu hæf til þess að skapa sér sjálf góðar aðstæður til að vaxa í og fá önnur börn til að vaxa með sér. Í öllu starfi er lögð áhersla á styrkleika barna og áhugasvið. Miklu skiptir að boðið sé upp á gott aðgengi að fjölbreyttum efnivið við hæfi allra.

Börn eru ólík og ekki er gert ráð fyrir að börnin fari eftir fyrirfram ákveðnu þroskaferli. Því er lögð áhersla á að ólíkar aðferðir henti ólíkum börnum. Stutt er við börnin sem einstaklinga og breytileiki í barnahópnum er viðurkenndur. Gert er ráð fyrir öllum börnum í öllu starfi leikskólans og aðeins í undantekningartilfellum fer nám barna fram utan barnahópsins.

Umhyggja – Nel Nodding

Nodding telur að markmið menntunar ætti að vera að einstaklingurinn öðlist trú á sjálfan sig, eigin getu og sé hamingjusamur.



Hver og einn eigi að vera trúr sjálfum sér og fá tækifæri til að þroska hæfileika sína. Allir þarfnast þess að vera sýnd umhyggja og að fá jákvæð viðbrögð. Í umhyggju felst að vera annt um líðan, velferð og framtíð annarra.

Fagleg umhyggja kennara getur birst annars vegar í því að kennari sýni barni hlýju og hjálpsemi, að honum sé annt um að barninu líði vel. Hins vegar getur umhyggja fyrir velferð barns birst sem hæfni

kennarans til að koma auga á styrkleika og getu hvers og eins og látið það finna til sín. Umhyggjusamur leikskólakennari lætur sér annt um börnin, gerir kröfur og er sveigjanlegur.

Börnin, kennararnir og umhverfið – Reggio Emilia

Leikskólaárin eru dýrmætur tími sem ekki á að eyða í að hafa ofan af fyrir börnum. Heldur á að nýta tímann til að gefa börnum tækifæri til að vinna með áhugasvið sín og styrkleika, ásamt því að efla og styrkja alla þroskaþætti sína.

Litið er á barnið sem hæfileikaríkan og virkan einstakling sem hefur mikið fram að færa. Allir eru jafnir í leik og starfi á sínum forsendum og mikilvægt er að hver einstaklingur fái að njóta bernsku sinnar.

Barnið byggir upp þekkingu sína í gegnum skynjun sína og samskipti við annað fólk. Hugur þess er opinn og enginn hlutur er svo hversdagslegur að hann gefi ekki tilefni til þess að verða kannaður nánar. Það er hlutverk hins fullorðna að gefa barninu kost á að staldra við, kanna, gera tilraunir, upplifa, spyrja spurninga og leita svara við þeim. Í leikskóla eiga börn að fá að nota öll skilningavit sín og tjá sig á þann máta eða hátt sem þau vilja.



Kennarinn er samverkamaður barnanna og vinnur með þeim að verkefnum sem eru börnunum hagleikin hverju sinni. Kennarinn tekur þátt í samræðum barnanna og ýtir undir gagnrýna hugsun og er þannig frekar hlustandi en fræðari. Kennarinn þekkir áhugasvið og styrkleika allra barnanna og finnur hugmyndum þeirra farveg í leikskólastarfinu. Hann kennir börnunum að taka ábyrgð á sjálfum sér og setja sig í spor annarra. Einnig kennir hann börnunum mikilvægi þess að biðja um hjálp þegar á þarf að halda og jafnframt að þiggja hjálpina sem er veitt.



Í Reggio er talað um að umhverfið sé þriðji kennarinn. Umhverfið á að vera síbreytilegt og bjóða upp á marga valkosti, það á að kalla á forvitni barna og löngun þeirra til að skoða og rannsaka hlutina frá mörgum sjónarhornum. Umhverfið á að bjóða upp á að börnin geti skapað í víðum skilningi og notað til þess eigið hugmyndaflug og ímyndunarafl. Kennarinn þarf að hafa þetta í huga og vera virkur í að skipuleggja umhverfið með þarfir barnahópsins í huga og vera öflugur í að finna leiðir fyrir börnin til að dýpka leik sinn.



Leiðarljós Engjaborgar

Leiðarljós Engjaborgar er að vera með flæðandi og samþætt leikskólastarf þar sem öll börn fá að blómstra á sínum forsendum og taka virkan þátt í leikskólalífinu.

Gildi Engjaborgar

Gildin okkar eru sköpun, virðing og vellíðan, þau eiga að lita öll okkar samskipti og allt starf leikskólans.

Sköpun

Skapandi starf á að beinast að ferlinu sjálfu en ekki afurðinni. Börnin eiga að gera sjálf en ekki vinna eftir fyrirfram ákveðnum hugmyndum kennara. Vert er að hafa í huga trú á getu barnanna til að gera sjálf það sem þau vilja skapa.

Virðing

Við berum virðingu fyrir ólíkum skoðunum og aðstæðum. Við tölum fallega við hvort annað. Við erum alltaf kurteis og eigum í uppbyggilegum samskiptum. Við hlustum og hvetjum hvort annað.

Vellíðan

Við erum heild og erum heiðarleg hvort við annað. Við erum jákvæð og hjálpsöm. Við leitum aðstoðar þegar við þurfum. Við sýnum góðmennsku og bendum á styrkleika.

En hvað segja börnin um þessi orð; sköpun, virðing og vellíðan (elsti árgangurinn var spurður)?

Sköpun

„Að skafa eða eitthvað.“
„Gera svona eitthvað fínt.“
„Að vera í skapi.“

Virðing

„Er það kannski vinir og leika saman.“
„Að segja stopp.“
„Á að spyrja um leyfi.“

Vellíðan

„Líða vel, þýðir sama og svona“ –
setur þumalinn upp.
„Gott að hjálpa manni.“
„Líka ef einhver segir: Viltu leika við mig.“



Flæðandi og samþætt leikskólastarf

Leiðarljós Engjaborgar er að vera með flæðandi og samþætt leikskólastarf þar sem öll börn fá að blómstra á sínum forsendum og taka virkan þátt í leikskólalífinu. Það eru ákveðnar vörður sem vísa okkur veginn sem nánar verður fjallað um.

Námssvið leikskólans

Námssvið leikskólans ásamt grunnþáttum menntunar eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman. Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast öllum daglegum athöfnum í leikskólanum.

Læsi og samskipti

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.:

„Börn eru almennt félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti. Í leik eflist hæfileiki barna til samskipta og málþroski þeirra eykst, þau tjá hugmyndir sínar, reynslu, tilfinningar og beita tungumáli á fjölbreyttan hátt. Börn læra með því að herma eftir því sem aðrir segja og gera í leik, þannig er barn bæði fyrirmynd og þátttakandi í leik.

Læsi í viðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Tungumálafærni er undirstaða þess að börn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í daglegu starfi, þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan.

Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig, mikilvægt er að þau fái tækifæri til þess í leikskóla. Auk tungumálsins nota börn til dæmis líkamstjáningu, ýmis konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Efla þarf öll börn til að ná tökum á íslenskri tungu svo þau hafi betri forsendur til að taka þátt í leik og daglegu starfi.“

Heilbrigði og vellíðan

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.:

„Öll börn eiga rétt á að læra og þroskast í öruggu umhverfi þar sem þeim er mætt af virðingu. Heilbrigði grundvallast á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Leikur styrkir heilbrigði barna, þau eru ólík og hafa mismunandi þarfir sem mikilvægt er að komið sé til móts við í leikskólastarfi. Fagleg umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla; umhyggja sem felur í sér faglega þekkingu og ábyrgð hvers leikskólakennara, er hluti af skuldbindingu hans við starfið. Mikilvægt er að starfsfólk myndi góð og nán tengsl við börnin, sýni þeim kærleik og virðingu og stuðli að því að börnin fái tækifæri til að upplifa gleði og tilhlökkun.

Leikur þarf að fá að ögra og örva hreyfifærni barna innan sem utandyra, mikilvægt er að börn fái margvíslega hreyfingu í daglegu leikskólastarfi.

Nauðsynlegt er að börn fái tækifæri til hvíldar yfir daginn, sérstaklega yngstu börnin sem þurfa að sofa. Einnig að börn fái fjölbreyttan, góðan og næringaríkan mat í leikskóla. Að snæða er félagsleg athöfn og umhverfið og andrúmsloftið sem ríkir þegar borðað er skiptir ekki síður máli fyrir líðan og heilsu en fæðan sjálf.“

Sjálfbærni og vísindi

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.:

„Þegar unnið er að sjálfbærni þarf að huga að samþættingu umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Undirstaða sjálfbærrar þróunar í leikskóla er að börn læri að þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúruna. Börn læra lýðræði með því að iðka það í daglegu starfi, finna eigin

styrkleika í að tilheyra og vera þátttakandi í hóp, sjá og skilja þætti frá sjónarmiði annarra, sem er mikilvægur þáttur í lýðræði.

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka, draga ályktanir og tjá skoðanir sínar ýmist með orðum eða líkamstjáningu. Í leikskóla þurfa börn að fá tækifæri til að læra vísindi með skapandi hugsun og í leik, þar sem þau örva sem flest skilningavit sín; noti fjölskynjun. Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu, í leik setja þau fram eigin hugmyndir og tilgátur, gera tilraunir og draga ályktanir.“

Sköpun og menning

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.:

„Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun menningar, lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess. Sköpun og menning er veigamikill þáttur í námi barna og samofin leik þeirra. Leikur er skapandi, börn ákveða hvernig leikur þróast og nær allt er mögulegt í leik. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

Umhverfi leikskóla á að örva fjölskynjun og styðja við sköpunarkraft barna svo sem með; myndsköpun, tónlist, dans, leikrænni tjáningu, vinnu og leik með orð, margt kyns tækni og opinn efnivið.

Menning er samofin öllu starfi leikskóla til dæmis leik barna þar sem þau skapa bæði eigin menningu og kynnast menningu annarra. Leikskólinn á að vera vettvangur fjölmennningar. Horft skal til margbreytileika og er það réttur hvers og eins að tilheyra leikskólasamfélaginu á eigin forsendum.“

Leikurinn

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur m.a. fram að aðildaríkin viðurkenni rétt barns til að stunda leiki. Í lögum um leikskóla er ítrekað að nám barna fari fram í leik og skapandi starfi og í aðalnámskrá leikskóla er fjallað um mikilvægi leiksins og að hann sé meginnámsleið leikskólans. Leikurinn er sjálfsprottinn og börn eiga að fá tækifæri til að velja og stjórna leik. Leikurinn stjórnast af innri hvata, forvitni, ánægju barnsins, sjálfræði, hæfni og samskiptum. Leikurinn styðst við ímyndunaraflið þar sem börn móta leikinn, eru skapandi og leita lausna. Í leik er áherslan á ferlið og þróun leiksins, leiksins vegna. Leikur felur í sér jákvæðar tilfinningar og flæðisástand.



Í leik tjá börnin hugmyndir, tilfinningar og líðan. Börnin vinna úr reynslu sinni og prófa margskonar hlutverk. Í leik leysa börn vanda. Börn þjálfva vitrænan og félagslegan þroska, ásamt hreyfiþroska. Í leik eru börnin að æfa, endurtaka, herma eftir, kanna, leysa, breyta og prófa. Í leik eiga börn í samskiptum og styrkja sjálfsmynd sína með því að takast á við tilveruna í leik.

Í leik eru börnin að leika sér með hlutverk, sambönd og sjálfsmynd. Þau leika sér með hugtök og merkingu, hugmyndir og tilfinningar, sögur, möguleika, þekkingu og tungumálið. Þau leika sér með reglur, leikefni og umhverfið.

Í leik fléttast grunnþættir menntunar, námssvið leikskóla og grundvallarþættir menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Hvað segja börnin um leikinn (blandaður aldur)?



„Leika í sandkassanum að búa til stóra holu og það er gaman og vera með vinum mínum.“
„Í drullueldhúsinu af því það er svo gaman.“
„Að tálga og í sandkassanum með vini mínum.“
„Að leika með dótið.“
„Leika með vini sína í dótinu.“
„Leika með vini sínum.“

Leikur hjálpar börnum að vera það sem þau eru og það sem þau geta orðið.

Hlutverk kennara í leik barna

Kennarar og starfsfólk leikskólans eru samverkamenn og ferðafélagar barnanna sem styðja við leik þeirra með því að:

- hafa yfirsýn
- eiga í góðum samskiptum við börnin
- gefa börnum tækifæri til leiks
- vera til staðar til að styðja við leikinn og þróa
- bera virðingu fyrir sjálfræði barna í leik
- hlusta á sjónarmið barnanna og bregðast við
- sjá til þess að allir séu með, tilheyri, taki þátt og læri
- grípa inn í ef börnin ráða ekki við aðstæður sjálf
- skipuleggja umhverfið og kveikja neistann
- hafa leikefnið aðgengilegt fyrir börnin
- velja leikefni út frá þörfum og áhuga barnanna
- skrá það sem fer fram í leik (uppeldisfræðilegar skráningar)



Hvað eiga kennarar að gera – börnin spurð (blandaður aldur):

„Fylgjast með og passa okkur.“ „Ef einhver meiðir þá á að skamma.“ „Standa og horfa.“ „Þeir eiga að horfa hvað við erum að gera.“ „Þeir eiga að fylgjast með krökkunum.“ Kennararnir eiga ekki að gera eitthvað fyrir mann.“ „Þeir eiga ekki að gera einhver blöð og láta mann líta.“

„Börn upplifa ánægju leiksins í dag, en kennarar huga að framtíðaráhrifum hans.“ Sutton-Smith (1994)

Hugmyndir barna og tilgátur

Hugmyndir barna og tilgátur sýna vel túlkun þeirra á daglegu lífi og raunveruleika. Í raun eru tilgátur barna hugmyndir í vinnslu.

Tilgátur barna snúast um hvernig börn hugsa um, kanna og skapa merkingu í daglegu lífi þegar þau reyna að tengja nýja upplifun við fyrri reynslu og skilning. Tilgátur eru til staðar frá bernsku yfir í fullorðinsaldur. Þær fjalla um bráðabirgða skilning sem þróast og mótast hjá börnum þegar þau taka þátt í daglegu lífi fjölskyldu sinnar, nærsamfélags og menningu. Einnig þegar þau eru í samskiptum við aðra, hugsa, ígrunda, velta fyrir sér, læra og móta skilning á lífi sínu til að taka betur þátt í því.



Samband starfsfólks leikskólans og barna þarf að byggja á virkri hlustun og sköpun, þannig að allir í leikskólanum séu ferðafélagar við að kanna, rannsaka og ígrunda heiminn.

Barnahópurinn og jafningjamenning

Leikskóli er lýðræðislegur vettvangur þar sem litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur í að móta leikskólastarfið.



Grunnur að félagslegum samskiptum barna er lagður í leikskóla og félagsleg færni skiptir máli fyrir velferð þeirra allt lífið. Það skiptir verulegu máli að öll börn eigi hlutdeild í leik og starfi og að öll börn fái sömu tækifæri til að mynda félagsleg tengsl sem fullgildir einstaklingar. Fylgja þarf fjöltyngdum börnum vel eftir í leikskólanum, vera til staðar og styðja viðsamskipti þvert á tungumál og menningu allt frá fyrstu tíð. Það á bæði við í frjálsum leik og í skipulögðu starfi, þannig að

börnin finni sig tilheyra og verði fullgildir þátttakendur í leikskólasamfélaginu.

Vinátta barna á leikskólaaldri skiptir máli enda tengist vinátta og samskipti við önnur börn þroska og námi. Barn öðlast þekkingu um sig og aðra og um heiminn í heild sinni í gegnum samskipti við önnur börn. Barnið styrkir sig tilfinningalega og vitsmunalega í gegnum samvinnu og samvirkni.

Jafningjamenning eru daglegar athafnir, hefðir, hlutir, gildi og áhugi sem börn búa til og deila í samskiptum við hvert annað.

Námsumhverfi og leikefni

Umhverfi leikskólans og leikefni á að styðja við leik barna, sköpun og hugmyndir þeirra. Mikilvægt er að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Því er umhverfi leikskólans í stöðugri þróun og leikefnið er fjölbreytt og rík áhersla er lögð á opinn efnivið og verðlaust efni.

Skipulag, tími og flæði

Það er margt sem leikskóladagurinn ber í skauti sér, svo sem leikur, samverustundir, hópavinna, lestur, söngur, vinátta, flæði, salernisferðir, morgunmaturlífið o.s.frv. Til að ramma inn starfið þá er sett upp myndrænt dagskipulag. Dagskipulagið hefur það markmið að veita barninu öryggi og tækifæri til að njóta sín á sínum forsendum. Dagskipulagið á að vera sveigjanlegt og opið, með gott flæði yfir daginn. Markvisst er reynt að takmarka biðtíma og er því best þegar hver stund dagskipulagsins rennur inn í aðra. Þannig er lögð áhersla á að það sé flæðandi og samþætt dagskipulag.

Markmið Engjaborgar

Sjálfsfelling – markmið: Að barnið öðlist trú á eigin getu og þekki styrkleika sína og áhugamál og öðlist þannig gleði í leikskólastarfi og finni sig sem hluta af heild.

Mikilvægt er að hver og einn einstaklingur þekki sjálfan sig vel, sínar þarfir og kunni leiðir til að hafa áhrif á umhverfi sitt hvort sem þær eru óbeinar eða beinar. Í sjálfsfellingu felst ekki að ráða öllu sjálfur, heldur að ráða yfir sjálfum sér og að geta stýrt sér og gjörðum sínum. Gagnrýnin hugsun og vangaveltur um rétt og rangt styrkir börnin í að taka ábyrgð á eigin gjörðum og að hafa áhrif í hóp.



Börn læra mest á því að fá að prófa sjálf og glíma við nýja hluti. Ef við grípum sífellt inn í og gerum fyrir þau það sem þau hafa ekki náð færni í erum við að taka frá þeim möguleikann til að æfa sig og öðlast nýja færni. Því er mikilvægt að börn skapi sjálf og noti sínar eigin hugmyndir til þess, þannig að framkvæmdin og útkoman sé þeirra. Þannig kynnast þau hvernig hægt er að hafa áhrif á aðstæður sínar og líf á jákvæðan hátt.

Börnin fá aukna ábyrgð og áhrif þegar þau eldast og eru líkleg til að ráða betur við það ef þau hafa fengið tækifæri til að takast á við „að gera sjálf“ frá byrjun.

„Að virkja sjálfstæði barna eflir stolt, sjálfsmynd og sjálfstraust“

Embætti landlæknis

„Ef þú gerir eitthvað fyrir barn sem það hefði getað gert sjálft, heldur þú aftur af þroska þess.“

Höf. óþekktur

„Prófaðu tvisvar, svo skal ég hjálpa þér.“

Verkfæri kennarans - Engjaborg

Vinátta – markmið: Að barnið upplifi sig sem hluta af hóp og að það skipti máli. Að leikskólaandinn einkennist af umburðarlyndi og virðingu, þar sem eru góðir félagar sem sýna umhyggju, virðingu og gleðjast þegar þeir hittast.

Vinátta er okkur öllum nauðsynleg og hún hefur jákvæð áhrif á heilsu okkar. Vinátta verður til í félagslegum samskiptum og tengslum við aðra. Hún kennir okkur að setja mörk og að virða mörk annarra. Í gegnum vináttu öðlast barnið þekkingu um sig og aðra og lærir að vera hluti af hóp. Vinátta hjálpar börnum að þekkja tilfinningar sínar og annarra, taka tillit og setja sig í spor annarra, biðja um hjálp og hjálpa öðrum.



Vinátta og leikur tengjast náið því vinátta myndast í samskiptum og í gegnum leik barna. Viðstyðjum við, hvetjum og styrkjum vináttubönd og sjáum til þess að börn geti átt í góðum samskiptum hvert við annað. Við aðstoðum við að leysa úr ágreining þar sem ekki hallar á einn, hvetjum þau til að segja sínar skoðanir og hlusta á aðra.

„Að tilheyra hóp er réttur allra barna, þátttaka þeirra, rödd og skoðun verði markbær og njóti virðingar. Börn eiga rétt á fallettri framkomu og þau læri að koma fallettra fram við aðra.“

Barnaheill, e.d.

„Maðurinn er félagsvera sem þarfnast samskipta við annað fólk. Einmanaleiki er tilfinning sem kemur fram þegar skortur er á félagslegum tengslum“

Gunnar Dal


„Mundu að þú sem kennari, ert fyrirmynd barnanna... hegðun þín skiptir máli!“

Verkfæri kennarans - Engjaborg

Málrækt – markmið: Að barnið sé baðað í tækifærum til að efla málþroska sinn á sem fjölbreyttasta máta þannig að það geti skilið umhverfi sitt, gert sig skiljanlegt og tekið virkan þátt í leik og starfi. Öflugur málþroski er lykillinn að lífinu.

Þróun sjálfsmyndar er nátengd reynslunni að upplifa sig tilheyra. Með því að efla tungumálið sem samskipta- og tjáningamáta stuðlum við að sterkari sjálfsmynd barna og styðjum við inngildingu barnsins í barnahópin.

Málþroskinn þróast allt lífið en grunnurinn er mjög mikilvægur. Þróun málþroska á leikskólaaldri skiptir miklu máli fyrir áframhaldandi þroska á öllum þroskasviðum. Hægari framþróun þroska verður hjá þeim börnum sem eru með slakan málþroska og heldur áfram ef ekkert er að gert. Huga þarf að því að börnum fari stöðugt fram í öllum þáttum máls og varast að einblína á einstaka þætti umfram aðra. Öll börn þurfa að upplifa að þau tilheyri leikskólamálinu (íslensku) samhliða því að vera stolt af heimamálinu og heimamenningu sinni.



Færir kennarar ýta undir þátttöku allra barna í gegnum samskipti og samræður, bæði í skipulögðu starfi og sjálfsprottum leik. Það er vegna þess að í gegnum samskipti og leik er best að byggja upp málþroska barna; orðaforða, málskilning, málfræðipækkingu og hæfni til að nota tungumálið í mismunandi aðstæðum.

„Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í leik og daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.“

Aðalnámskrá leikskóla

„Tungumálið er verkfæri eigin hugsunar og því samofið vitsmuna- og félagsþroska barna. Að hafa gott vald á tungumálinu varðar leiðina að velfarnaði hvers einstaklings og þátttöku hans í samfélaginu.“

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2013

**„Farðu til barnsins til að tala við það“
„Lækkum röddina og hlustum.“**

Verkfæri kennarans - Engjaborg



Námsleiðir Engjaborgar

„Félagslegir töfrar felast í þeim ósýnilegu en stórkostlegu og lífsnauðsynlegu verðmætum sem myndast í félagslegum samskiptum og samveru fólks í samfélagi. Félagslegir töfrar eru, með öðrum orðum, aflið sem mótar hugmyndir, hugsanir, hegðun og sjálfsmynd fólks, dregur fólk hvert að öðru, gerir hóp að liði, og samfélag að samfélagi.“ (Dr. Viðar Halldórsson félagsfræðingur og prófessor við HÍ)

Þátttaka barna í leikskólastarfinu

Engjaborg er námssamfélag þar sem áhersla er á að öll börn fái að blómstra á sínum forsendum og taka virkan þátt í leikskólastarfinu eða með öðrum orðum; að öll börnin upplifi að þau séu velkomin, tilheyri, hafi hlutverk og geti gefið af sér. Leikurinn er meginnámsleið Engjaborgar og er dagskipulagið sett þannig upp að sjálfsprottinn leikur barna hefur tíma og rými megnið af deginum.

Sjálfsprottinn leikur er magnaður, hann er lykillinn að færni sem er þýðingarmikil fyrir börnin í námi og daglegum athöfnum. Í gegnum leikinn æfa börn margskonar færni eins og sköpun, samvinnu, athygli, einbeitingu, seiglu, tjáningu, samkennd og framkvæmd. Í leik taka börnin ákvarðanir og leysa vandamál, gera tilraunir, byggja upp sjálfstraust og fjölbreytta færni sem ekki er hægt að kenna á annan hátt. Sjálfsprottinn leikur er stór þáttur í félagslegum töfnum Engjaborgar.



En til þess að leikurinn geti verið helsta námsleið allra barna þá þurfa þau að vera virkir þátttakendur í leik með öðrum börnum. Því er mikilvægt að starfsfólk Engjaborgar finni leiðir til þess að öll börn geti verið þátttakendur í leik með öðrum börnum.

„Leikurinn er þýðingarmikill fyrir fullgildi barna í leikskólum. Hugtakið fullgildi vísar til félagslegrar samskipta barna, þátttöku þeirra og að tilheyra leikskólasamfélaginu.“

Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir



Nánar má lesa um mikilvægi leiksins og hlutverk starfsfólks í [Handbók um leikinn](#).

Dagsdaglega

Umhverfið á að vera valdeflandi þannig að börnin geti sem mest gert sjálf. Við gerum það með því að hafa þann efnivið sem í boði er vel aðgengilegan öllum börnum. Við notum myndrænar merkingar á veggjum í hæð barna. Umhverfið á líka að vera aðlaðandi, vekja áhuga og forvitni og endurspegla áhugasvið barnanna. Við leggjum áherslu á opinn og verðlausan efnivið, þó við séum einnig með hefðbundið leikefni.

Lögð er áhersla á að efla börnin í að gera sjálf og á það við í öllu starfi leikskólans. Börnin skammta sér sjálf í matmálstímum í samræmi við aldur. Í fataherberginu eru þau studd við að klæða sig sjálf. Kennari er alltaf innan seilingar sem hvetur og aðstoðar barnið við að gera sjálft.

Við erum að temja okkur hæglæti í leikskólastarfinu. Hæglæti auðveldar okkur að dvelja í núinu, að heyra og hlusta, að anda og njóta. Þannig er athyglinni beint að því að vera hér og nú og fara hægar yfir en þó aðallega huglægt. Hæglæti er nefnilega ekki að gera allt löturhægt, heldur hjálpar hæglæti okkur að fara hratt yfir, við gerum bara eitt í einu.



Félags- og tilfinningafærni er mjög mikilvæg, en hvað er nú það? Samkvæmt Embætti landlæknis er félags- og tilfinningafærni:

- | | |
|--|--|
| 1. Sjálfsvitund (<i>self-awareness</i>):
Færni í að þekkja og skilja eigin tilfinningar, gildi, styrkleika og takmarkanir. | 4. Samskiptafærni (<i>relationship skills</i>):
Hæfni til að eiga í heilbrigðum samskiptum og geta myndað nán tengsl við aðra. |
| 2. Félagsvitund (<i>social awareness</i>):
Hæfni til að sjá sjónarmið annarra, setja sig í spor annarra og finna til samkenndar. | 5. Ábyrg ákvörðunartaka (<i>responsible decision making</i>):
Geta tekið mið af félagslegum venjum, siðferðilegum gildum og heilbrigðis- og öryggissjónarmiðum við ákvörðunartöku. |
| 3. Sjálfstjórn (<i>self-management</i>):
Færni í að stýra eigin hegðun og tilfinningum með farsælum hætti. | |



Vellíðan barnanna er í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á styrkleika og áhugasvið. Í ferilmöppum barnanna kemur vel í ljós hvar áhuginn liggur og hverjir styrkleikarnir eru. Við tölum um styrkleikana til að leggja áherslu á þá, þannig að börnin heyri hverjir styrkleikar þess eru. Hver vill ekki heyra að hann sé hjálpsamur, góður vinur, þolinmóður og þrautseigur, svo eitthvað sé nefnt. Með eldri árgöngunum er einnig rætt um orðsporið, það er hvernig orðspor við viljum hafa hvert og eitt.

Tilfinningar eru ræddar og sett eru orð á þær, því tilfinningar eru svo miklu meira en bara hlátur og grátur. Við erum með myndir víða um leikskólann sem sýna hluta af tilfinningaskalanum til að auðvelda börnunum að tjá tilfinningar sínar, bæði góðar tilfinningar og erfiðar.

Barn vikunnar er unnið í samstarfi við heimilin. Þá skiptast börnin innan hvernar deildar á að vera barn vikunnar. Barnið fer heim með tösku á föstudegi með bangsanum Blæ í og bók vikunnar sem framundan er. Unnið er smá verkefni með foreldrum, bæði um helgina og vikuna eftir. Í leikskólanum hefur barnið svo sérstakt hlutverk alla vikuna.



Allir vilja eiga vini. Í leikskólanum er oft verið að taka fyrstu skrefin í að eignast vini. Ýmislegt getur komið upp á í samskiptum og þá er gott að geta leitað til kennara. Einnig vinnum við með Vináttuverkefnið Blæ sem þjálfar félagsfærni og samskipti.


Gæðamálörvun í daglegu starfi er mikilvæg. Þá er verið að setja orð á alla hluti og athafnir, endurtaka og bæta við. Nánar um gæðamálörvun má finna [hér](#) og enn nánar [hérna](#).



Við leggjum ríka áherslu á að bækur séu lesnar á hverjum degi og að þær séu af fjölbreyttum toga og misþungar. Það eru góðar ástæður fyrir bókalestri og má finna þær nokkrar hér undir [Sautján ástæður fyrir barnabókum](#). Oft eru bækurnar kveikjan að nánari vinnu með [söguþráðinn](#).

Samverustundir eru á hverjum degi í litlum hópum og eru þær oft hluti af öðrum stundum. Í samverustundum er spjallað um það sem er efst á baugi hverju sinni og þar á meðal hvað leikskóladaðurinn hefur upp á að bjóða.

Við leikum okkur að íslensku máli á mismunandi hátt. Leikið er með málhljóð íslenskunnar með aðstoð tuskuhundsins [Lubba](#) og námsefni sem fylgir honum. Bók vikunnar er lesin með áherslu á nokkur orð úr millilagi orðaforðans. Þetta er í raun [orðaspjall](#) um ákveðin orð sem eru þannig kennd, rædd og notuð áfram. Einnig förum við í margskonar [málörvunarleiki](#) sem eru alltaf vinsælir hjá börnunum.



Sögustundir eru í boði inni á Listengi rétt fyrir nónhressingu. Sögustundin er val fyrir börnin. Í sögustund eru sagðar sögur með leikrænum tilþrifum, einnig eru notaðar brúður, myndir og hlutir. Markvisst eru notuð orð um tilfinningar, styrkleika, lýsingarorð og sagnorð. Sögupersónur eru einnig oft að kljást við atriði sem komið hafa upp í barnahópnum.

Við syngjum hér og þar og allsstaðar, en þó mest í samverustundum. Misjafnt er á milli deilda hvort það er lag vikunnar eða lagalisti deildarinnar. Allar deildir eru þó með sama lag mánaðarins sem er svo sungið saman á vinafundi sem er einu sinni í mánuði.

[Vettvangsferðir](#) eru öflugur vettvangur fyrir málrækt. Í vettvangsferðum eru börnin að kynna umhverfi sínu og upplifa umhverfið saman sem hópur. Í vettvangsferðinni eru sett orð á það sem fyrir augun ber og mikið rætt.





Við fylgjum áhuga og forvitni barnanna og styðjumst við hugmyndafræði könnunaraðferðarinnar. Hún virkar þannig að barnahópurinn velur sér viðfangsefnið eða kennarinn grípur boltann þegar hann sér áhuga barnanna á ákveðnu viðfangsefni. Síðan rannsaka börnin viðfangsefnið út frá mismunandi sjónarhornum, fara í vettvangsferðir, skoða bækur, grúska á netinu, allt eftir því hvert áhugi barnanna leiðir rannsóknina. Ferlið er allt myndað og sett meðal annars í flæðibók, ásamt teikningum barnanna um efnið og hvað þau segja. Þannig er allt skráð í stóra flæðibók, bæði af kennara og barnahópnum.

Sjálfsprottinn leikur er hafður í hávegum allan daginn með smá stoppi á milli. Fljótlega eftir að börnin mæta í leikskólann eru þau komin í sjálfsprottinn leik. Stundum fá kennarar að vera með, en oft fara þeir til hliðar eftir því sem fleiri mæta í leikskólann. Góður tími er gefinn innan hverrar deildar til sjálfsprottins leiks fyrir hádegi og í útiverunni. Deildinni er yfirleitt skipt þannig að hluti hópsins er inni og hluti úti og er það til að gefa betra rými til leiks og félagslegra samskipta.



Sköpun í sinni víðustu mynd flæðir um allt starf leikskólans. Sköpun birtist vel í sjálfsprottnum leik barnanna, en einnig í tjáningu þeirra í gegnum margskonar efnivið. Því skiptir máli að ígrunda vel þann daglega efnivið sem er í boði. Í Engjaborg er lögð áhersla á opinn efnivið og eru einingakubbarnir grunnurinn, en fjölbreytt úrval er einnig af öðrum kubbum. Verðlaust efni er í boði, ásamt litum, skærum og málningateipi. Margskonar búnaður til hlutverkaleiks er einnig alltaf aðgengilegur.

Flæði er í boði eftir hádegi. Þá skiptir starfsfólkið sér á svæði og er með mismunandi leikefni í boði. Börnin flæða svo á milli. Þannig má segja að í flæðinu sé stundaður sjálfsprottinn leikur sem flæði um allt og jafnvel komast börnin í hugarflæði.



Útivera er nærri undantekningarlaust á hverjum degi. Í útiveru upplifa börnin hita, kulda, bleytu og rok á eigin skinni, þau sjá og heyra í náttúrunni, ásamt því að finna lyktina af gróðrinum. Því má segja að besta fjölskynjunin fari fram í útiverunni.

Í leikskóla þar sem er flæðandi og samþætt leikskólastarf með áherslu á áhugasvið og styrkleika barna, má segja að hver dagur innihaldi ný ævintýri og nýjar áskoranir.



Inngildandi leikskólastarf

Engjaborg er leikskóli fyrir öll börn þar sem lögð er áhersla á nám og vellíðan. Öll börn eru mikilvæg og hafa sömu réttindi óháð styrkleikum, getu, uppruna, bakgrunni eða öðru því sem hefur áhrif á virkni þeirra og þátttöku. Börn eru ólík og við gerum ekki ráð fyrir að börn fari eftir fyrir fram ákveðnum þroskaferlum, heldur leggjum við áherslu á að ólíkar aðferðir henti fjölbreyttum barnahópi.

Námið fer fram í gegnum leik og lögð er áhersla á virkni og þátttöku allra. Gert er ráð fyrir öllum börnum inn í starfi leikskólans og aðeins í undantekningartilfellum fer nám barna fram utan barnahópsins. Í öllu starfi leggjum við áherslu á styrkleika barna og áhugasvið. Unnið er eftir hugmyndafræði *leikskóla án aðgreiningar og snemmtækur stuðningur*.


Stoðkerfi leikskólans

Samkvæmt [farsældarlögunum](#) er leikskólinn fyrsta stigs þjónusta þar sem veita á grunnþjónustu og er hún aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Öll börn, foreldrar og starfsfólk leikskólans hafa aðgang að tengilið. Þessi tengiliður er sérkennslustjóri Engjaborgar.

Í farsældarlögunum kemur fram að farsæld barns sé fólgin í því að skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.



Við hugum af alúð að andlegum, vitsmunalegum, félagslegum og líkamlegum þroska allra barna og stuðlum að betri geðheilsu, námshæfni og farsæld barna. Við veitum lágþroskuldapjónustu og leggjum áherslu á að bregðast strax við þegar börn og foreldrar þurfa á stuðning að halda. Við leggjum áherslu á forvarnir, snemmtækan stuðning og fræðslu til foreldra og höfum frumkvæði að því að byggja upp traust og tengsl á milli leikskóla og fjölskyldu með hagsmuni barna að leiðarljósi.



„Þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns ber að fylgjast með velferð og farsæld barns, leitast við að greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt og bregðast við þeim...“

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. 14.gr.

Farsæld barna

Gunnþjónusta Öll börn		Fyrsta stigs þjónusta Einstaklingbundin og snemmtækur stuðningur		Annars og þriðja stigs þjónusta
Skimanir- og skráningar	Máli vísað í lausnaleit	Skimanir- og skráningar	Máli vísað í lausnarteymis	Lausnaleit
Efi 2		Orðaskil		Stuðningur við barn og fjölskyldur
Hljóm 2		TRAS		Austurmiðstöð
Hæfnirammar		Íslenski þroskalistinn		Viðtalsbeiðnir
Vinatengsl		Smábarnalistinn		Beiðni um greiningu
Ég og barnið		AEPS		Sambætting
Ég og foreldrar		ABLLIS		
Ferilmöppur		Lanis		
Flæðibækur		Íslenski máhljóðamælirinn		
Úrræði		Úrræði		Úrræði
Dagsdaglega – leiðir Engjaborgar		Tengiliður		Sérkennsluráðgjafi
Tengiliður		Aðkoma lausnaleitar		Hegðunarráðgjafi
Sjónrænt dagskipulag		Ráðgjöf fyrir deild		Talmeinafræðingur
Starfsmannaráðgjöf		Einstaklingssáætlun		Sálfræðingur
Foreldraráðgjöf		Málörvunarstundir		Félagsráðgjafi
Félagsfærnisögur		Gefðu 10		Málstjóri
Tilfinningaspjöld		Lausnaspjald		Barnavernd
Friðengi		Sjónræn stuðningur		Stuðningaáætlun
Brúarsmiður		Leikþjálfun		
Fjölmennningaráðgjafi		TEACCH		
Barnavernd		Atferlisíhlutun		
Heilsugæsla		Einstaklingsþjálfun		
Túlkar		Tákn með tali		
		Samskiptabækur		
		Pecs		

Samstarf og tengsl á milli skólastiga

Samstarf Engjaskóla, frístundaheimilisins Brosbæjar og Engjaborgar miðar að því að auðvelda börnunum flutning af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í Engjaborg eru flest væntanlegir nemendur Engjaskóla og fara einnig yfirleitt í Brosbæ og því er mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu á báðum stöðum.

Frá því í ágúst á hverju ári og fram í júní árið eftir eru skipulagðar ferðir á milli skólastiga, ásamt því að samráðsfundir eru milli kennara skólastiganna. Heimsóknir eru á báða bóga, þ.e. nemendur Engjaskóla koma í heimsókn í Engjaborg (sem er oft gamli leikskólinn þeirra) og elstu börnin í Engjaborg fara í heimsóknir í Engjaskóla og Brosbæ. Ákveðin verkefni eru unnin með leikskólabörnunum í Engjaskóla og þannig kynnst þau skólanum og frístundaheimilinu smátt og smátt.

Einnig má segja að þó nokkur óformleg tengsl séu á milli skólastiganna þar sem að það er einn göngustígur sem skilur að lóðir leikskólans og grunnskólans. Nemendur Engjaskóla eru duglegir að koma að grindverkinu og spjalla við leikskólabörnin og starfsfólk Engjaborgar. Einnig fara leikskólabörnin oft yfir á lóð Engjaskóla með kennara sínum og leika þar.



Á myndinni hér til hliðar má sjá börnin vera að flytja sig frá Engjaborg yfir í Engjaskóla, en hvað lærðu þau í leikskólanum?

„Að leika.“

„Að spila.“

„Að teikna og lita.“

„Að meiða ekki“

„Að sparka ekki í.“

„Að biðja um hjálp þegar einhver meiðir.“

„Að meiða ekki til baka.“

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr.896/2009 um skil milli leik- og grunnskóla er foreldrum skylt að veita leikskóla þær upplýsingar um barn sitt sem eru nauðsynlegar fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Því setjast foreldrar, barnið og deildarstjóri/sérkennslustjóri barnsins niður saman og fylla út staðlað skjal sem Skóla- og frístundasvið gefur út. Þegar verið er að fylla skjalið út er lögð áhersla á að fylla eingöngu út það sem er viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

Samstarfsaðilar

Mikilvægustu og stærstu samstarfsaðilar Engjaborgar eru foreldrarnir og fer það samstarf fram dagsdaglega, bæði formlega og óformlega. Engjaborg á jafnframt í samstarfi við margar stofnanir og fyrirtæki. Í flestum tilfellum er það samstarf tengt ákveðnum áherslum í leikskólastarfinu hverju sinni.

Blómaskólarnir

Blómaskólarnir eru Engjaborg, Funaborg, Hólaborg og Sunnufold. Þessir leikskólar hafa unnið margskonar þróunarverkefni saman sem öll hafa það að markmiði að efla starfsfólk leikskólanna og þar með starfið.

Engjaskóli og Brosbær	Engjaskóli er grunnskóli hverfisins og Brosbær frístundaheimilið. Komin er löng og góð hefð fyrir öflugu samstarfi milli þessara skólastiga með hag barnanna að leiðarljósi.
Austurmiðstöð	Austurmiðstöð er einn af samstarfsaðilum Engjaborgar. Í Austurmiðstöð er fagstjóri og yfirmaður leikskóla í Austurhluta borgarinnar. Þar eru einnig talmeinafræðingar, sérkennsluráðgjafar, sálfræðingur, hegðunarráðgjafi og félagsráðgjafi leikskólans sem starfsfólk og foreldrar geta leitað til þegar þurfa þykir. Sérkennslustjóri Engjaborgar er tengiliður foreldra og starfsfólks við Austurmiðstöð.
Heilsugæslan	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er einn af mikilvægum samstarfsaðilum Engjaborgar. Heilsugæslan sinnir meðal annars ung- og smábarnavernd með það að markmiði að efla heilsu, vellíðan og þroska ungra barna. Þegar áhyggjur vakna þá vinna heilsugæslan og leikskólinn saman að því að styðja við barnið og fjölskyldu þess.
Borgarbókasafn – Menningahús Spönginni	Spöngin er í göngufæri við leikskólann og þar má finna Borgarbókasafnið. Börnunum er boðið í sögustundir yfir veturinn, ásamt því að fengnar eru lánaðar bækur heim í leikskólann.
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Leikskólinn er í formlegu samstarfi við slökkviliðið um eldvarnir og fræðslu. Starfsmenn slökkviliðsins heimsækja elsta árgang leikskólans og ræða við börnin um eldvarnir, slökkviliðsstarfið og sýnir þeim ýmsan búnað, ásamt því að börnin fá að skoða slökkviliðsbílinn. Síðan skiptast börnin í elsta árgangnum á að vera eldvarnareftirlitsmenn, þar sem þau fara yfir eldvarnir leikskólans.
Aðrir samstarfsaðilar	Árbæjasafnið, Sjóminjasafnið og Þjóðminjasafnið eru heimsótt af og til. Við nýtum þjónustu Miðstöðvar útivistar og útínáms og heimsækjum þau í Gufunesið, förum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Perluna á sýninguna Vatnið í náttúru Íslands. Við förum í aðra skóla í kynnisferðir eins og t.d. Tónskóla Hörpunnar. Margt annað er skoðað og kannað, en það er mismunandi eftir barnahópum hverju sinni hvað er efst á baugi.

Hefðir og venjur

Margskonar hefðir og venjur hafa skapast í gegnum árin í Engjaborg. Sumt lifir í smá tíma en annað er komið til að vera. Oft er hoppað á lestina varðandi ýmsa aðra alþjóðlega daga eða uppakomur sem eru í samfélaginu, en of langt er að telja það allt upp.

Vinafundir	Vinafundir eru einu sinni í mánuði. Þá skiptast deildirnar á að bjóða öllum börnum og starfsfólki inn á sína deild og þar eigum við notalega stund saman í söng.
Þemadagar	Þemadagar eru í hverjum mánuði. Deildirnar skiptast á að velja þema og auðvitað eru það börnin sem velja þemað. Ef þemadagur lendir á alþjóðlegum degi eða öðrum tyllidögum sem við tökum þátt í þá er það þemadagurinn (sbr. Hrekkjavaka).
Alþjóðlegi bangsadagurinn	Alþjóðlegi bangsadagurinn er haldinn hátíðlegur með því að börnin mega koma með bangsa í leikskólann.
Hrekkjavaka	Hrekkjavakan hefur skapað sér stóran sess í starfi leikskólans og er undirbúningur farinn að ná yfir heila viku.
Dagur gegn einelti	Alltaf er hugað að tilfinninga- og félagsfærni barna, en á Degi gegn einelti er rætt sérstaklega við börnin um mikilvægi þess að virða mörk og að nei, þýðir NEI. Við hvetjum börnin einnig til þess að skipta sér af ef einhverjum líður illa með því að reyna að hjálpa eða segja kennara frá því að barninu líður illa. Við leggjum áherslu á hjálpsemi og vináttu. Bangsinn Blær tekur virkan þátt í þessari umfjöllun.
Dagur íslenskrar tungu	Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur og koma nemendur frá Engjaskóla og lesa fyrir börnin. Einnig á málhljóðahundurinn Lubbi afmæli á þessum degi og börnin gera afmæliskórónu handa honum og syngja fyrir hann afmælissönginn.
Málræktarmánuðir	Málræktarmánuðir eru haldnir tvisvar á ári, í nóvember og mars. Þá er allur leikskólinn markvisst með málörvunarleiki í samverustundum.
Piparkökubakstur	Piparkökubakstur er í nóvemberlok. Þá baka börnin piparkökur og síðan bjóða þau foreldrum sínum í smákökuboð í byrjun desember í leikskólann.
Desember	Í desember er lögð áhersla á jólagleði og notalegheit. Jólatrið fer upp fyrir 1.des. með jólaseríu og síðan föndra börnin jólaskrautið smátt og smátt og setja á tréð þannig að þegar jólaballið er þá er jólatrið fullskreytt og tilbúið. Bókabíó er í

	annarri viku desember, þá safnast öll börn inn á Austurengi og hlusta á sögu sem er varpað upp á vegg. Jólabblið er á sínum stað og kíkja jólasveinar í heimsókn. Á stysta degi ársins er náttfatadagur eða kósídagur og þann dag er jólabbíó.
Vasaljósadagur	Vasaljósadagur er á þrettándanum og mæta þá allir með vasaljós í svartasta skammdeginu.
Þorablót	Þorablót er haldið á bóndadeginum. Börnin búa sér til sína útgáfu af víkingahjálum og mæta jafnvel í lopafatnaði. Í hádeginu er boðið upp á grjónagrat og þorramat. Í nónhressingu er síðan bóndakaffi og bjóða börnin þá pöbbum sínum, öfum, frændum og bræðrum í leikskólann.
Dagur leikskólans	Fyrir Dag leikskólans teikna eða mála börnin myndir fyrir leikskólann. Þessar myndir eru plastaðar og síðan er sett upp myndlistasýning utan á grindverkið við leikskólann.
Bollu- og sprengidagur	Bollu- og sprengidagur eru með hefðbundum hætti þar sem borðaðar eru bollur fyrri daginn en saltkjöt og baunir þann seinni.
Öskudagurinn	Á öskudaginn mæta allir í furðufötum eða náttfötum. Kötturinn er sleginn úr tunnunni og síðan er ball.
Góugleði	Góugleði er haldin á föstudeginum fyrir konudaginn. Þá búa börnin sér til sína útgáfu af hálsmeni. Í nónhressingu er síðan konukaffi og bjóða börnin þá mæðrum sínum, ömmum, frænkum og systur í leikskólann.
Opið hús	Um miðjan apríl er opið hús í Engjaborg. Þá er foreldrum boðið að koma og taka þátt í starfinu með barni sínu. Kynningar á starfi Engjaborgar eru upp á veggjum aðgengilegar foreldrum.
Afmæli Engjaborgar	Afmæli Engjaborgar er 16.maí og haldið er upp á það með óvæntri uppkomu fyrir börnin, fyrsta útflæði sumarsins og í nónhressingu er foreldrum boðið í djús og kleinur úti í garði.
Þjóðhátíðardagurinn	Þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur síðasta virka daginn fyrir 17.júní. Þá er meðal annars er farin skruðganga um hverfið og sungin lög.
Útskriftarhátíð Engjaborgar	Útskriftarhátíð Engjaborgar er allan daginn og er þetta jafnframt síðasti dagur elstu barnanna. Elstu börnin ráða í sameiningu hvað gert er í leikskólanum þennan dag. Útskriftarathöfnin fer síðan fram í sal Engjaskóla síðdegis og að henni lokinni er farið yfir í leikskólann og þar er Pálínuboð.

Mat á leik, námi og velferð barna

Skráningar

Skráningar eru notaðar til að meta leik, nám og velferð barna í Engjaborg. Þær eru geymdar í ferilmöppum barnanna og eru aðgengilegar öllum inni á deildum. Öll börn í Engjaborg eiga sína ferilmöppu.

Skráningarnar segja sögur úr leikskólalífinu og eru því eins og gluggi inn í leikskólann þar sem hægt er að skyggjast inn og sjá hvað þar fer fram. Þær sýna hvernig barnið lærir í hóp og hvernig það hefur áhrif á umhverfi sitt. Skráningar sýna styrkleika og áhugasvið barnsins á þeirri stundu sem skráningin fer fram.



Allt starfsfólk geriri skráningar og notar þær til að meta nám barna. Með auknum þroska getur barnið tekið þátt í þessu mati með starfsfólki og foreldrum. Ferilmappan er mikilvægt gagn í foreldrasamtölum.

Flæðibækur

Könnunaraðferðin er notuð í hópavinnu með börnunum þar sem kafað er djúpt í þau málefni sem eru börnunum hugleikin. Þar eru gerðar skráningar til að meta stöðu barnsins í hóp, þróun leiks í barnahópnum og þátttöku og samskipti barna í leik. Til þess að sýna ferlið sem fram fer í könnunaraðferðinni eru gerðar flæðibækur. Flæðibækur hanga á áberandi stöðum og eru öllum aðgengilegar.



Lögð er áhersla á virkni barnanna í að búa til flæðibókina sem er samvinnuverkefni hópsins. Hugmyndir þeirra og reynsla á að koma skýrt fram í ferlinu. Börnin hafa gaman af því að skoða þessar stóru bækur og það er valdeflandi að fá að heyra og sjá sitt framlag.



Mat á leikskólastarfi

Megintilgangur mats á leikskólastarfi er að tryggja að réttindi barna sem dvelja í leikskólanum séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber að fá samkvæmt lögum um leikskóla.

Matsáætlun Engjaborgar 2025 – 2030

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Stjórnun					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X		X		X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	X		X		X
Faglegt samstarf		X		X	
Leikskólaþróun og starfsþróun	X		X		X
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Uppeldis og menntunarstarf					
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir	X	X	X	X	X
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X	X	X	X	X
Námssvið leikskólans	X	X	X	X	X
Leikskóli án aðgreiningar	X		X		X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Mannauður					
Hlutverk starfsfólks		X		X	
Fagmennska starfsfólks	X		X		X
Starfsánægja	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Leikskólabragur					
Viðmót og menning		X		X	
Velferð og líðan barna	X	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu og upplýsingamiðlun		X		X	
Viðhorf foreldra		X		X	

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Innra mat					
Framkvæmd		X		X	
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		X	
Opinber birting og umbætur		X		X	

Þessari matsáætlun er ætlað að halda utan um innra mat í leikskólanum. Matsteymi Engjaborgar sér um framkvæmd innra mats. Í matsteymi eru leikskólastjóri, fulltrúi frá öllum deildum, verkefnastjóri og foreldri. Matsteymið heldur utan um matsáætlun, greinagerð og umbótaáætlun.

Metið er út frá námskrá leikskólans og einnig er notast við [Viðmið og vísbendingar, fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs](#) og [Leiðbeiningar um innra mat leikskóla](#).

Gagnaöflun:

- Ígrundunarhópur barna/barnateymi
- Teymisfundir
- Fundaraðir
- Starfsmannafundir
- Deildarfundir
- Snerpusamtöl
- Gátlistar
- Foreldraviðtöl
- Könnun meðal foreldra
- Vettvangsathuganir starfsfólks
- Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar (ytra mat)
- Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar (ytra mat)



Gögn eru greind á deildarfundum, teymisfundum, fundaröðum og matsteymisfundum. Þá er eftirfarandi kvarði notaður og allir þeir þættir sem fá C eða D fara í umbótaáætlun.

A	Mjög gott verklag sem samræmis fyllilega lýsingu á gæðastarfi
B	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.
C	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar fleiri en styrkleikar.
D	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

(Leiðbeiningar um innra mat í leikskóla bls.29)

Nánari útfærsla á innra mati leikskólaársins, sem er að líða, er að finna í starfsáætlun Engjaborgar.



Fjölskyldan og Engjaborg

Fjölskyldur barnanna eru aðalsamstarfsaðilar leikskólans og strax í upphafi er lagður hornsteinn að jákvæðu og góðu samstarfi. Áhersla er lögð á að allt starfsfólk leggi sig fram við að ná til fjölskyldna allra barna og að þær upplifi að lítið sé á þær sem mikilvæga samstarfsaðila og að framlag þeirra vegi þungt.

Fjölskyldan hefur mikil áhrif á námsárangur, virkni og líðan barnanna með viðhorfum sínum og þátttöku. Því er mikilvægt að allar fjölskyldur eigi gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börnin sín svo þær geti fylgst með og veitt börnunum stuðning og hvatningu.



Aðlögun

Í Engjaborg er þátttökuaðlögun, þá er foreldri með barni sínu fyrstu þrjá til fimm dagana og tekur virkan þátt í starfi leikskólans. Þannig kynnist barnið leikskólanum og starfsfólkinu með foreldri sínu og saman öðlast þau traust. Foreldri kynnir barnið sitt fyrir starfsfólki leikskólans og sýnir því hvernig það hefur hagað hlutunum og segir frá styrkleikum barnsins og þörfum. Ef fleira en eitt barn er í aðlögun kynnast foreldrar hvort öðru og öðlast sameiginlega reynslu. Á fjórða til sjötta degi kveður foreldri barnið sitt og næstu dagar eru mögulega styttri, allt eftir líðan barnsins. Það tekur eins til þriggja ára börn um það bil þrjá mánuði að njóta leikskóladagsins og slaka á þar.

Foreldrar fylla út eyðublöð fyrir öryggiskort, upplýsingablað um barnið og samning um leyfi fyrir ljósmyndatöku, skráningar og ferðir utan leikskólans.

Aðlögun á milli deilda

Flutningur á milli deilda er í höndum starfsfólks leikskólans. Starfsmaður deildarinnar sem barnið er að fara af fylgir barninu yfir á nýju deildina og er með því fyrstu dagana, allt eftir þörfum barnsins. Barnið sjálf stjórnar því svo hvenær það flytur hólf sitt og annað sem fylgir því á nýju deildina.

Áður en flutningur á sér stað er deildarstjóri nýju deildarinnar búinn að kynna sig fyrir fjölskyldu barnsins og fá upplýsingar frá „gömlu“ deildinni.

Dagleg samskipti

Þau samskipti sem vega hvað þyngst eru hin óformlegu samskipti sem eiga sér stað í samtölum þegar komið er með börnin eða þau sótt í leikskólann. Má segja að þetta sé stærsti þátturinn í að brúa bilið á milli heimilis og leikskóla fyrir barnið. Foreldrar gefa upplýsingar um líðan barnsins og uppákomur sem það tekur þátt í með fjölskyldu og vinum. Starfsfólk gefur upplýsingar um dag barnsins í leikskólanum með áherslu á áhugasvið þess og styrkleika.

Foreldrasamtöl

Boðið er upp á foreldrasamtöl minnst tvisvar á ári þar sem foreldrar og deildarstjóri ræða barnið, styrkleika þess, áhugasvið og þroska. Samtölin eru byggð upp á skráningum og ferilmöppu barnsins. Foreldrar geta alltaf óskað eftir foreldrasamtali.

Hvert barn í elsta árganginum mætir í foreldrasamtal með foreldrum sínum í maí áður en leikskólagöngu lýkur. Þar er umræða um hvaða upplýsingar fylgja barninu yfir í grunnskólann. Þetta er staðlað skjal og er val um að fylla út ákveðin atriði.

Þátttaka foreldra

Foreldrar eru alltaf velkomnir í Engjaborg. Reglulega bjóða börnin foreldrum sínum í morgunkaffi eða síðdegiskaffi og er það þá yfirleitt tengt ákveðnum dögum, eins og fyrsta vetrardag, 1. desember, bóndadag og konudag.

Foreldrum er einnig boðið á opið hús sem er um miðjan apríl. Þá geta foreldrar valið um að taka þátt í starfinu með börnunum yfir allan daginn nema um hádegisbilið.

Afmæli leikskólans er 16. maí og er foreldrum þá boðið að koma í djús og kleinur seinnipartinn.

Foreldrafundur

Í september ár hvert er foreldrum boðið að koma á foreldrafund þar sem starf vetrarins er kynnt. Jafnframt er kosið í foreldraráð á þessum fundi og foreldrafélag.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla skal starfa foreldraráð við hvern leikskóla. Í ráðinu sitja að lágmarki þrír foreldrar og eru þeir kosnir á foreldrafundi ár hvert í september. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu og á hann frumkvæði að kosningunni.

Hlutverk ráðsins er að gefa skóla- og frístundasviði umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu, en fjallar ekki um málefni einstakra barna.

Foreldrafélag

Í Engjaborg er starfandi foreldrafélag. Þeir foreldrar sem velja að vera í félaginu greiða ákveðna upphæð á ári. Í samstarfi við leikskólann er börnunum boðið upp á viðburði sem brjóta upp leikskólalífið. Lögð er áhersla á að nota þá peninga sem safnast í viðburði fyrir þau börn sem eru í leikskólanum hverju sinni, en ekki að safna þeim í sjóð.

Foreldrafélagið er með læsta síðu á facebook. Þar kemur fram það sem er á dagskrá í starfi leikskólans og bryddað upp á umræðuefnum.

Samstarf og samskipti í Engjaborg

Leikskólabragurinn einkennist af virðingu, vellíðan og sköpun. Horft er á styrkleika og áhugasvið barna og markvisst komið til móts við þarfir og réttindi allra barna. Umhyggja er rauði þráðurinn í öllu starfi leikskólans. Umhyggja sést skýrt í starfinu m.a. í jákvæðum samskiptum sem eru flæðandi í öllu daglegu starfi leikskólans.

Stjórnun leikskólans

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi sem viðhefur lýðræðisleg vinnubrögð með því að hvetja kennara, börn og foreldra til þátttöku í verkefnum og ákvarðanatökum er varða starf leikskólans. Leikskólastjóri ber jafnframt ábyrgð á rekstri leikskólans og daglegri stjórnun hans.

Stjórnendateymi er starfandi og í því sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórar og verkefnastjóri. Á stjórnteymisfundum eru tekin fyrir ýmis málefni, má þar nefna; eftirfylgni með faglegu starfi og framþróun, stefna og áætlanir Engjaborgar, eftirfylgni með starfsáætlun, skipuleggja starfsdaga og innra mat, miðlun upplýsinga og málefni líðandi stundar. Fundur er í hverri viku og má allt starfsfólk koma með tillögu að fundarefni.

Deildarfundir eru haldnir í hverri viku og á þeim sitja deildarstjóri og starfsfólk viðkomandi deildar og stundum koma inn aðrir úr stjórnendateyminu. Á deildarfundum er verið að ræða skipulag deildarinnar, starfið, hvort öll börn séu að blómstra, skráningar, undirbúningur foreldrasamtala og hvað fram kom í foreldrasamtölunum, upplýsingar og eftirfylgni frá teymisfundum.

Mismunandi teymi eru starfandi sem tengjast starfi leikskólans og eru það m.a.: vináttuteymi, málörvunarteymi, umhverfisteymi, útiveruteymi, flæðisteymi, matartímateymi, matsteymi og ráðgjafateymi. Í hverju teymi er einn úr stjórnendateyminu, ásamt verkefnastjóra og einn starfsmaður frá hverri deild.

Fundagerðir eru aðgengilegar eftir alla fundin og ber öllu starfsfólki að lesa þær yfir og kvitta undir.

Sérstakt skjal er inni á hverri deild sem ber nafnið *Leiðir til að hafa áhrif á starfið í Engjaborg*. Þar koma fram tillögur að mismunandi leiðum fyrir starfsfólk til að hafa áhrif á starfið.

Skipulagsdagar eru sex á hverju skólaári. Þar fer fram fræðsla, samræming vinnubragða og skipulagning á starfinu. Hver skipulagsdagur lýkur á því að hver deild segir frá hverju þau eru stolt af.



Samskiptasáttmáli Engjaborgar

Leikskólastarf snýst um samskipti og því eru góð samskipti á margan hátt lykillinn að góðu leikskólastarfi.

Samskipti á milli starfsmanna

- Virðing
 - Við berum virðingu fyrir ólíkum skoðunum og aðstæðum
 - Við tölum fallega við hvort annað, erum alltaf kurteis og eigum í uppbyggilegum samskiptum
 - Við hlustum og hvetjum hvort annað

- Velliðan
 - Við erum heild og erum heiðarleg við hvort annað
 - Við erum jákvæð og hjálpsöm
 - Við leitum aðstoðar þegar við þurfum
 - Við sýnum góðmennsku og bendum á styrkleika hvors annars
- Lausnir
 - Við leysum ágreining þegar hann kemur upp
 - Við hugsum í lausnum og komumst að sameiginlegri niðurstöðu

Samskipti við börnin

- Virðing
 - Við berum virðingu fyrir öllum börnum og lítum á þau sem hæfileikaríka einstaklinga
 - Við gefum börnum tíma og tækifæri til að gera sjálf það sem þau geta eða eru að æfa sig í
 - Við notum virka hlustun og leitum eftir sjónarmiðum barnanna
 - Hvað er barnið að segja?
 - Hvað er barnið að gera?
 - Hvað er barnið ekki að gera?
- Velliðan
 - Við erum jákvæð
 - Við sýnum hlýju og góðmennsku
- Sköpun
 - Við erum áhugasöm og erum ferðafélagar barna í leit að merkingu og lausnum

Samskipti við foreldra

- Virðing
 - Við berum virðingu fyrir öllum foreldrum
 - Allir foreldrar eru velkomnir í Engjaborg
- Velliðan
 - Við erum jákvæð og hjálpsöm
 - Við segjum foreldrum frá degi barnsins og því sem vel hefur gengið
- Sköpun
 - Við hlustum á alla foreldra og saman sköpum við góð skilyrði fyrir börnin að blómstra á eigin forsendum



Lokaorð

Skólanámskrá Engjaborgar er leiðarvísir fyrir þá starfshætti sem starfsfólk, börn og foreldrar hafa ákveðið að nota til að efla og styðja við nám og vellíðan barna í Engjaborg. Þessir starfshættir eiga að styðja við öll börn í að láta drauma sína rætast.

Þátttaka Engjaborgar í þróunarverkefnunum **Flæði og samþætting** og **Þátttaka barna í leikskólastarfi** hafði mikil áhrif á starfsemi leikskólans og bar með þessa námskrá.

Á bak við skólanámskrá er mikið af skjölum þar sem nánar er farið í stefnu og áætlanir Engjaborgar og er það draumur okkar að með tímanum verði skólanámskráin vefsíða þar sem hægt verður að nálgast þessi gögn.

Að lokum er hér það sem börnin sögðu að væri best í Engiaborg:



Jafnframt voru foreldrar spurðir um hvað þeir vildu að börnin lærðu í Engjaborg og hvað væri best við leikskólann.

Hvað viltu að börn læri í Engjaborg?

70 responses



Það besta við Engjaborg - foreldrar

71 responses



Stuðningsrit

Við gerð þessarar námskrár notuðum við ýmis gögn og vitneskju sem við höfum viðað að okkur í gegnum tíðina. Sumt er aðgengilegt sem heimildir annað er vistað á sameign leikskólans og margt hefur einnig safnast sem þekking og reynsla í starfsmannahópnum í gegnum tíðina.

Hér fyrir neðan má sjá það helsta:

[Aðalnámskrá leikskóla](#)

[Barnaheill](#)

[Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)

[Félagslegir töfrar](#)

[Handbók um leik barna í leikskólum](#)

[Hæglætishreyfingin](#)

[Leiðbeiningar um innra mat í leikskóla](#)

[Lesið í leik](#)

[Lög um leikskóla nr. 90/2008](#)

[Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013](#)

[Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021](#)

[Menntastefna Reykjavíkur – Látum draumana rætast](#)

[Sjálfsákvörðunarkenningin](#)

[Viðmið og vísbendingar, fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs](#)

[Flæði og samþætting – Þátttaka barna í leikskólastarfi](#). Þróunarverkefni leikskólana

Engjaborgar, funaborgar, Hólaborgar, Sunnufoldar og Háskóla Íslands. (Skýrslur og myndbönd)

Glærur vistaðar í sameign leikskólans:

Flæði og samþætting – þróunarverkefni. Anna Magnea Hreinsdóttir

Geðrækt í heilsueflangi leikskóla. Sigrún Daníelsdóttir hjá Landlæknisembættinu

Hlutverk mitt í málörvun barna. Ólafur Jónsson

Þátttaka barna í leikskólastarfi – þróunarverkefni. Anna Magnea Hreinsdóttir

Greinar:

[„Að byrja í leikskóla: Mikilvægi góðrar aðlögunar“](#). Sigríður Síta Pétursdóttir.

[„Að tilheyra, taka þátt og læra í leikskóla margbreytileikans. Evrópuverkefni um menntun ungra barna án aðgreiningar.“](#) Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir

[Leikur og þátttaka barna í leikskólastarfi: Stuðningur deildarstjóra og annars starfsfólks.](#) Anna Magnea Hreinsdóttir, Pála Pálsdóttir og Sigrún Grétarsdóttir

[Námssögur. Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla.](#) Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir.

[„Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“](#) Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir.

[„Þeir leika saman og eru glaðir, það er bara svo gott“: Félagsleg tengsl og vinátta leikskolabarna af erlendum uppruna.](#) Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir.

[„Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“](#) Sýn barna á hlutverki fullorðinna í leik. Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir

Bækur:

Árin sem enginn man: Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna. Sæunn Kjartansdóttir.
Flæði í leik og námi leikskólabarna. Sara María Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. Í bókinni „Leikum, lærum, lifum“.

Fyrstu 1000 dagarnir: Barn verður til. Sæunn Kjartansdóttir.

Málproski leikskólabarna. Árdís Hrönn Jónsdóttir (ritstjóri).

Orðaspjall-Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Árdís Hrönn Jónsdóttir.



Látum draumana rætast